

KIRKJUGARÐARÁÐ

140. fundur haldinn 15. maí 2017 í fundarsal Biskupsstofu

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Indriði Valdimarsson varamaður Smára Sigurðssonar sótti fundinn í fjarveru Smára og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins,

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.
2. Fundur stjórnar KGSÍ með dómsmálaráðherra. Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ, Indriði Valdimarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og stjórnarmenn í KGSÍ gerðu grein fyrir fundinum og lögðu fram minnisblað um fundinn.
3. Norræna kirkjugarðasambandið NFKK – kynning. Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs kynnti starfsemi NFKK fyrir ráðinu og jafnframt norræna samkeppni um nýtt útlit legsteina sem NFKK stendur fyrir. Þórsteinn Ragnarsson situr í aðalstjórn NFKK og Guðmundur Rafn Sigurðsson í varastjórn samtakanna. Lagt var fram kynningarrit þar sem gerð er grein fyrir starfsemi allra garðanna.
4. Endurnýjað umboð fyrir féhirði kirkjugarðsjóðs vegna Arionbanka. Stjórnin undirritaði og endurnýjaði þar með umboðið.
5. Aðalfundur Kirkjugarðasamband Íslands á Ísafirði. Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson kynntu. Fundurinn verður haldinn laugardaginn 3. júní.
6. Umgengisreglur fyrir Einarstaðakirkjugarð. Guðmundur Rafn kynnti reglurnar. Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemdir við drög að reglugerð Einarstaðakirkjugarðs. Ráðið samþykkti umgengisreglurnar fyrir sitt leyti.
7. Næsti fundur. Verður haldinn 12. júní kl. 14:00.
8. Önnur mál.
9. Fundi slitið kl. 15:40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,

formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,

ritari